



Ágætu foreldrar og starfsfólk Korpuskóla og Víkurskóla

Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla hélt sjöunda fund sinn 22. nóvember í Korpuskóla.

Á þessum fundi var m.a. rætt um að halda faglegan fund með þjóðfundarsniði sem að kæmu foreldrar, starfsfólk og nemendur sameinaðs skóla. Einnig var rætt um hvort hugsanleg tímasetning á slíkum fundi gæti verið um miðjan janúar.

Jafnframt var verk- og tímaáætlunin rýnd betur og lagfærð.

Sama dag var haldinn kynningar- og umræðufundur með starfsfólki skólanna í Víkurskóla, þar sem farið var yfir störf stýrihópsins og verk- og tímaáætlun kynnt. Árný Inga, nýráðinn skólastjóri sameinaðs skóla, ávarpaði fundargesti. Einnig var þennan dag haldinn kynningar- og umræðufundur með foreldrum beggja skóla í Korpuskóla um sama efni.

Verk- og tímaáætlunina má sjá á vefsíðunni.

Nafnasamkeppninni er nú lokið. Tillögurnar sem bárust voru 74 og er nafnanefndin að vinna úr þeim. Stefnt er að því að leggja tillögu að nafni fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar þann 14. desember næstkomandi.

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar m.a. fundargerðir hópsins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá sviðsstjóra (fræðslustjóra) og mun starfa til 15. júní 2012. Fram til næstu áramóta er hópnum stýrt af skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu á skóla- og frístundasviði (Menntasviði) en frá áramótum mun nýráðinn skólastjóri hins sameinaða skóla stýra starfi hópsins.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir